

Nd.

702. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Visitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig. Skal hækka laun

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi:

Ekki skal það varða missi vísitöluuppbótar, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn til móts við vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. grunnkaup á klukkustund.

Standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skal það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra að fella niður gjald þetta af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað.

4. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, önnur en þau, sem 15. gr. tekur til, skulu varða sektum allt að 50 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Visitala framfærslukostnaðar hefur ætíð verið reiknuð í heilum stigum, og við setningu laga nr. 22/1950 var ekki gert ráð fyrir, að nein breyting yrði á þeirri reglu. Aftur á móti voru ekki tekin inn í lögina jafnákveðin ákvæði um útreikning vísitölnunnar eins og voru í 4. tölulið 2. gr. laga nr. 51/1940. Þessi viðbót við lögina er því gerð til að taka af allan vafa um þetta atriði.

Um 2. gr.

Við umræður á Alþingi um frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. lýsti ríkisstjórnin því yfir, að hún mundi taka til athugunar tillögur Alþýðusambands Íslands um leiðréttingu á því misræmi, sem væri á kaup- og kjarasamningum ýmissa verkalýðsfélaga. Var ríkisstjórnin þeirrar skoðunar, að ekki væri sanngjarn, að það verkafólk, sem lægst væri launað, missti rétt til vísitöluuppbótar á kaup sitt, þótt það væri fært til samræmis við meðalkauptaxta annarra verkalýðsfélaga. 2. grein þessa frumvarps er því borin fram í samræmi við fyrri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eftir viðræður við stjórn Alþýðusambands Íslands.

Vegið meðaltal kauptaxta félaga allra ófaglærðra verkamanna er fundið með því að margfalda meðlimatölu hvers félags með kauptaxta þess og deila síðan meðlimatölu allra félaganna í summuna af þeirri útkomu.

Grunntaxtar verkalýðsfélaganna á klukkustund eru nú þannig:

1 félag hefur	kr. 2.60
14 félög hafa	— 2.70—2.80
24 — —	— 2.90—2.95
35 — —	— 3.00—3.08

Í síðari flokknum eru öll stærstu félögin.

Seinni málsgr. 2. gr. nær aðeins til þriggja kjarasamninga, sem gerðir hafa verið síðan 19. marz s. l., og eru það samningar Flugvirkjafélags Íslands, Bakararveinafélags Íslands og Verkalýðsfélagsins Harðar í Hvalfirði.

Um 3. gr.

Vegna slæmra markaðsskilyrða fyrir afla togaranna hafa nokkrir togarar byrjað að leggja afla sinn upp í verksmiðjur, og má búast við, að slík veiði fari í vöxt. Þessi vinnsluáðferð var ekki hafin, er lög nr. 22/1950 voru sett, enda var ekki tekið tillit til hennar við ákvörðun framleiðslugjalda, sbr. 11. gr. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um útgerð togaranna og rekstur síldar- og fiskimjölsverksmiðja á þessum grundvelli, sýna, að þessi rekstur getur ekki staðið undir sérstöku framleiðslugjaldi. Væri það mjög gegn anda laganna að koma í veg fyrir þessa framleiðslu, sem getur gert nýju togurunum kleift að halda áfram veiðum, þegar ísfiskmarkaðurinn og skilyrði til saltfiskveiða eru verst, eykur framleiðslugetu og nýtingu verksmiðjanna og skapar verðmætar gjaldeyrstekjur. Af þessum ástæðum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að heimilt sé að fella niður framleiðslugjald á afla, sem er lagður upp til vinnslu í verksmiðjum, ef sannað þykir, að taprekstur á þessum veiðum sé annars óumflýjanlegur.

Um 4. gr.

Við setningu laga nr. 22/1950 hafði láðst að setja refsíákvæði, og er þetta lagfært með 4. gr.